



VIÐAUKI I

við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dags. 14. ágúst 2025

1. INNGANGUR

Viðauki þessi er gefinn út af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. (útgefandi) og skal lesinn með hliðsjón af útgefandalýsingu dags. 14. ágúst 2025 og verðbréfalýsingu dags. 14. ágúst 2025. Saman mynda þessi skjöl grunnlýsingu sjóðsins sem staðfest var af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands þann 15. ágúst 2025.

Tilgangur viðaukans er að uppfæra form endanlegra skilmála í kafla 10 í verðbréfalýsingu til að gera grein fyrir nánari útfærslu á ákvörðun viðmiðunarvaxta og vaxtatímabila í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

2. BREYTING Á VERÐBRÉFALÝSINGU

Í kafla 10, „Form endanlegra skilmála“, á blaðsíðu 10 í verðbréfalýsingu dags. 14. ágúst 2025, fellur taflan fyrir „Grein 5 Vextir“ brott í heild sinni og í stað hennar kemur eftirfarandi tafla:

Grein 5 Vextir	[Fastir ársvextir: [•]% og gildir grein 5.1 um skuldabréfin] / [Vextir eru breytilegir og gildir grein 5.2 um skuldabréfin.] [Viðmiðunarvextir breytilegra vaxta: [•]] [Upplýsingar um sögulega þróun [viðmiðunarvaxta] má nálgast: [•]] [Álag á breytilega vexti: [•] %] [Vaxtatímabil: [•]] Fyrsta vaxtagreiðsla: [Dagsetning] Fyrsti vaxtadagur: [Dagsetning] Heildarfjöldi vaxtagreiðslna: [•] Tíðni vaxtagreiðslna: [•] [Ákvörðun viðmiðunarvaxta: [•]]
---------------------------	---

3. YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, bera ábyrgð á viðauka þessum og lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem viðauki þessi hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 26. nóvember 2025
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Kristinn Jónasson
stjórnarformaður

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri